

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**185. fundur – 25. nóvember 2013**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 25. nóvember 2013. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 184. fundar heilbrigðisnefndar frá 21.október 2013 lögð fram.

## **1 Fundargerð 163. starfsmannafundar frá 20. nóvember 2013**

### **1.1 Starfsleyfi**

#### **Garðabær**

##### **1.1.1 Hafnarfjarðarvegur 1, Garðabær - bensínstöð og verslun**

Lögð fram að nýju umsókn Arnars Franssonar f.h. Ólíuverslunar Íslands hf., kt. 500269-3249, dags. 11.07.2013, þar sem sótt er um leyfi til að reksturs bensínstöðvar og veitingaverslunar að Hafnarfjarðarvegi 1 í Garðabæ. Húshluti: Öll mannvirki á lóð. Endurnýjun  
Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

##### **1.1.2 Hliðsvegur 1, Garðabær – veitinga- og gistihús**

Lögð fram umsókn Birnu Rutar Viðarsdóttur, f.h. Fjörukrárarinnar, kt. 630490-1119, dags. 25. nóvember 2013 þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur veitinga- og gistihúss í Hliði í Garðabæ, samkvæmt teikningum Erlendar Á. Hjálmarssonar, 2013.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

##### **1.1.3 Vífilsstaðir, Garðabær – leikskóli**

Lögð fram umsókn Áslaugar Jónsdóttur, f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 20.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Vífilsstöðum Garðabæ.  
Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar

#### **Hafnarfjörður**

##### **1.1.4 Álhella 8, Hafnarfjörður, verkstæði**

Lögð fram umsókn Hlöðvers Hjálmarssonar, f.h. J-vélar ehf., kt. 500197-2779, dags. 12.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Álhelli 8, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1. árs til að ljúka megi úttektum á húsnæði eða tillaga að ítarlegra starfsleyfi undirbúin og hún síðan auglýst.

##### **1.1.5 Dalshraun 9 og 9b, Hafnarfjörður – kjötvinnsla**

Lögð fram umsókn Gunnars Þórs Gíslasonar f.h. Síld og fisks ehf., kt. 590298-2399, dags. 23.9.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu að Dalshrauni 9 og 9b Hafnarfirði. Húshluti: Austurhluti húss að Dalshrauni 9 og allt húsið að Dalshrauni 9b. Endurnýjun.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.6 Hvaleyrarbraut 13, Hafnarfjörður, samkomuhús

Lögð fram umsókn Erlendar Sveinssonar, f.h. Kvikmyndasafns Íslands., kt. 530678-0409, dags. 7.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar í kvikmyndasafninu að Hvaleyrarbraut 13 sem jafnframt er með starfstöð fyrir sýningar að Strandgötu 6, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.7 Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfjörður – pökkun og dreifing matvöru

Lögð fram umsókn Ólafs Einarssonar f.h. Allt Hitt ehf., kt. 700407-0550, dags. 4.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til pökkunar og dreifingar á lífrænt ræktuðum matvælum að Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.8 Krýsuvík 123163, Hafnarfjörður, samkomuhús

Lögð fram umsókn Erlendar Sveinssonar, f.h. Sveinssafns ehf., kt.690498-2439, dags. 4.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar í tengslum við listasafn í Krýsuvík, Hafnarfirði. Húshluti: 08 0101 Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.9 Strandgata 34, Hafnarfjörður, samkomuhús

Lögð fram umsókn Ólafar Sigurðardóttur, f.h. Hafnarbogar menningar og listastofnunar., kt. 691183-0419, dags. 8.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar í tengslum við listasafn að Strandgötu 34, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.10 Thorsplan, Hafnarfjörður - jólaþorp

Lögð fram umsókn Marínar Hrafnadóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 5.11.2013, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs jólaþorps á Thorsplani í Hafnarfirði samkvæmt fyrirbyggjandi teikningu. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 01.01.2014.

1.1.11 Tjarnarvellir 15, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Svavars G. Jónssonar f.h. Heima hjá þér s/f, kt. 711013-1800, dags. 28.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahús að Tjarnarvöllum 15 í Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla - og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## Kópavogur

1.1.12 Fjallalind 20, Kópavogur - meindýravarnir

Lögð fram um umsókn Steinars Egilssonar, kt. 070567-4079, dags. 22.11.2013 þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur meindýravarna með lögheimili að Fjallalind 20 í Kópavogi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.13 Bláfjallaleið, Kópavogur – ferðapjónusta

Lögð fram að nýju umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790, dags. 1.09.2013, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir móttöku ferðamanna til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg. Fyrir liggur leyfi Umhverfisstofnunar dags 18.10.2013.

Lagt fram bréf Orkuveitu Reykjavíkur dags. 12.11.2013 þar sem fyrirtækið tjáir sig um tímabundna aðstöðu og lagningu rafstrengs ofanjarðar frá Bláfjöllum að Þríhnjúkum í Bláfjallafólkvangi.

Heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt vegna staðsetningar starfseminnar á vatnsverndarsvæði að raflögn til rekstursins verði tryggð. Í trausti þess að það gangi eftir áformar nefndin með vísun til ákvæða reglugerða um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, hollustuháttareglugerðar og samþykktar um verndarsvæði vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, að veita starfsleyfi til 4 ára með þeim fyrirvara að leyfi Umhverfisstofnunar verði til staðar. Samþykkt er að kynna þessi áform fyrir heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu og Kópavogsbæ til kanna afstöðu þeirra fyrir næsta reglulegan fund nefndarinnar.

#### 1.1.14 Hábraut 2, Kópavogur - samkomuhús

Lögð fram umsókn Bjarka Sveinbjörnssonar f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759 dags. 25.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar í tengslum við tónlistarsafn að Hábraut 2, Kópavogi. Húshluti: 1. hæð Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.15 Hamraborg 6, Kópavogur - samkomuhús

Lögð fram umsókn Finns Ingimarssonar, f.h. Kópavogsbæjar vegna reksturs Náttúrufræðistofu Kópavogs., kt. 700169-3759, dags. 1.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar í tengslum við safn að Hamraborg 6, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð.  
Ný starfsemi  
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.16 Hlíðasmári 15, Kópavogur - veitingastaður

Lögð fram umsókn Önnu Bragina, f.h. Nammi 23 ehf., kt. 640610-0690, dags. 22.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hlíðasmára 15, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 1.1.17 Hlíðarhjalli 25, Kópavogur - fæðubótaefni

Lögð fram umsókn Dags Bergheim Pettersen, f.h. Zinzino Iceland ehf., kt. 580511-0660, dags. 13.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu á fæðubótaefnum og kaffi. Um er að ræða lögheimili að Hlíðarhjalla 25, Kópavogi. Dreifing vöru verður frá vöruhótelum erlendis  
Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með frestun og óskað verði leiðbeininga Matvælastofnunar um hlutverk eftirlitsaðila varðandi slíka starfsemi.

#### 1.1.18 Kópavogsbraut 41, Kópavogur - sambýli

Lögð fram umsókn Guðlaugar Óskar Gísladóttur f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759 dags. 22.10.2013, þar sem sótt er um leyfi vegna þjónustuíbúða að Kópavogsbraut 41, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.19 Kópavogsbraut 81, Kópavogur - daggæsla

Lögð fram umsókn Ingibjargar Láru Þorbergsdóttur kt.100882-6049 dags. 31.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Kópavogsbraut 81, Kópavogi. Húshluti: 01 0001. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

#### 1.1.20 Laufbrekka 30, Kópavogur - framleiðsla á matvælum

Lögð fram umsókn Fanneyjar S. Friðfinnsdóttur, f.h. Organic lífstíll ehf., kt.550411-0830, dags. 12.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingar hráfæði að Laufbrekku 30, Kópavogi. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.21 Nýbýlavegur 4, Kópavogur – sala á matvöru

Lögð fram umsókn Arnar Héðinssonar f.h. Karl K. Karlssonar ehf., kt. 601289-1489, dags. 28.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til sölu á matvælum að Nýbýlavegi 4, Kópavogi. Vörudreifing aðalega frá vöruhótelum. Húshluti : efri hæð. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.22 Nýbýlavegur 10, Kópavogur – bílasprautun og réttingar

Lögð fram umsókn Jóns Grétarssonar f.h. BRA ehf., kt. 651012-1040, dags. 18.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til réttinga og bílasprautunar að Nýbýlavegi 10, Kópavogi. Húshluti : allt húsið. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.23 Nýbýlavegur 16, Kópavogur – matvælapökkun

Lögð fram umsókn Kristófers Júlíusar Leifssonar f.h. Máltíð ehf., kt. 530513-2110, dags. 7.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til þökkunar og dreifingar á matvælum að Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Húshluti vestur –hluti. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.24 Skógarlind 2, Kópavogur - matvöruverslun

Lögð fram umsókn Kristins Skúlasonar f.h. Kaupás hf / Krónan, kt. 711298-2239, dags. 3.11.2013, þar sem sótt er um viðbótarleyfi fyrir vinnslu í versluninni að Skógarlind 2, Kópavogi. Húshluti, 01 02. Viðbót við starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er mælt með endurútgáfu starfsleyfis til 8.06.2020

1.1.25 Smáratorg 1, Kópavogur - dýrasnyrtistofa

Lögð fram umsókn Ingibjargar Salome Sigurðardóttur f.h. Waterfront ehf., kt. 710107-1490, dags. 18.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dýrasnyrtistofu að Smáratorgi 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareðlugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

## 1.2 Umsagnir

### Garðabær

1.2.1 Hliðsnesvegur 1, Garðabær – veitinga- og gististaði, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 25.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar f.h. Fjörukráarinnar ehf., kt. 630490-1119, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II og heimagistingu í flokki I að Hliðsnesvegi 1, Garðabæ.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.11.2013 starfsleyfi til reksturs veitingahúss og gististaðar að Hliðsnesvegi 1, Garðabæ skv. matvæla- og hollustuháttaeðlugerð. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er gerð fyrir veitingahús og gistiheimili.”

1.2.2 Miðhraun 2, Garðabær – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 7.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn BBL II kt. 430611-2400, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í Crossfit XY, Miðhrauni 2, Garðabæ, þann 16.11.2013 frá kl. 20.00 – 03.00, fyrir allt að 80 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

## Hafnarfjörður

### 1.2.3 Hringbraut 10, Hafnarfjörður – framhaldsskóli, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 24.10.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla kt. 430985-0789, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í Flensborgarskóla, þann 6.11.2013 frá kl. 22.00 – 01.00, fyrir allt að 600 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

### 1.2.4 Kaplakriki, Hafnarfjörður – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 25.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í íþróttasal í Kaplakrika, þann 30.11.2013 frá kl. 19.00 – 01.00, fyrir allt að 1000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

### 1.2.5 Strandgata 21, Hafnarfjörður, heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 6.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Smára Brynjarssonar, kt. 221252-5279, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Strandgötu 21, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 26.08.2013 starfsleyfi til reksturs heimagistingar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er gerð fyrir heimagistingu.“

## Kópavogur

### 1.2.6 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastofa

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 21.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Steindórsplans ehf. kt. 650612-0940 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki 1 að Hagasmára 1, Kópavogi.

Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

### 1.2.7 Skálaheiði 2, Kópavogur – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.11.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Búddistafélags Íslands kt. 550695-2519, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í íþróttahúsi HK, Skálaheiði 2, þann 16.11.2013 frá kl. 19.00 – 01.00, fyrir allt að 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

## 2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar, endurskoðun

Lagt fram erindi Bjarka Jóhannessonar f.h. Hafnarfjarðarbæjar dags. 11. nóvember 2013 um kynningu og ósk um umsögn vegna endurskoðunar aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005 -2025.

## 3 Mengun í Fossvogslæk.

Lagt fram erindi Reykjavíkurborgar dags. 8. nóvember 2013 um rangar tengingar frárennslislagna í Fossvogsdal o.fl. og kvörtun yfir vinnubrögðum heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis við leit að rangtengingum úr Kópavogi í yfirborðsvatn í dalnum.

Lagt fram minnisblað heilbrigðiseftirlitsins um málið og tengd mál dags. 22. nóvember 2013.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd ítrekar bókun sína frá 30. september 2013 um vilja til virks samráðs við heilbrigðisnefnd Reykjavíkur um vatnsvernd og mengunarvarnaeftirlit.“

## 4 Vatnsverndarsvæði

### 4.1 Fundargerð stýrihóps um endurskoðun vatnsverndari

Lögð fram fundargerð stýrihóps vegna endurskoðunar vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið frá fundi þann 11. nóvember s.l. sem haldinn var með fulltrúum heilbrigðisnefnda.

### 4.2 Heildarendurskoðun vatnsverndar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu héldu kynningarfund þann 15. nóvember s.l. með fulltrúaráði og aðilum sem tengjast umfjöllun um endurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Vinna verkfræðistofunnar Vatnaskila við keyrslu rennislíkans fyrir og tillögur um afmörkun vatnsverndar sem byggjast á þessari vinnu voru kynntar.

Rædd staða mála varðandi heildarendurskoðun vatnsverndar og samráð um endurskoðun heilbrigðissamþykktar.

## 5 Eftirlit með hundhaldi

Jón Bjarni Þorsteinsson mætti til fundar undir þessum lið og Gísli Gíslason vék af fundi.

### 5.1 Staða heilbrigðissamþykktar um gæludýrahald í ljósi breyttra aðstæðna.

Rædd var staða heilbrigðissamþykktar um gæludýrahald sem settar eru með stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sérstaklega samþykktar um hundahald þar sem krafist er skráningar á hundum sem haldnir eru á svæðinu. Ný lög um velferð dýra taka gildi um næstu áramót. Þau lög taka m.a. til dýrahalds almennt og að einstaklingsmerkja skuli s.s. kanínur, ketti, og hunda. Matvælastofnun ber frá sama tíma ábyrgð á að starfræktir verði gagnagrunnar um skráningu einstaklingsmerkja. Með lagabreytingu um fjöleignahús 2011 hefur einnig orðið veruleg breyting varðandi heimildir til dýrahalds í fjöleignahúsum. Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið og afhenda því ljósrit af leyfi frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem við á. Lagabreytingar þessar kalla á endurskoðun á aðkomu sveitafélaga að þessum málaflokki. Með þeim hefur verið dregið verulega úr aðkomu og hlutverki heilbrigðisnefndar varðandi hundhald almennt. Á sama tíma hefur með vísan til laga um fjöleignahús aukist þrýstingur á heilbrigðisnefnd að hlutast til um málefni einstaklinga og húsfélaga. Reynt er þannig að þvinga fram aðgerðir gangvart nágrönnum sem vísa ekki til hollustuháttamálefna.

### 5.2 Eftirlit með hundhaldi - bráðabirgðatölur

Þann 22. nóvember 2013 voru skráðir 2375 hundar í umdæminu. Í Garðabæ 646, Hafnarfirði 810 og Kópavogi 919. Á tíu árum hefur skráðum hundum í umdæminu fjölgað um 40% miðað við hverja 1000 íbúa. Fjölgun skráðra hunda hefur þó verið óveruleg síðustu mánuði. Kvörtunum hefur á sama tíma fækkað verulega (ca. 30%) og beinist fyrst og fremst að lausagöngu og ekki sé þrifið upp eftir dýrin.

### 5.3 Björtusalir 6, Kópavogi – ekki leitað samþykki meðeigenda í fjöleignahúsi

Lögð fram umsókn Þorsteins Þorsteinssonar, frá 25. október 2013 um skráningu á hundi að Björtusölum 6, Kópavogi. Umsókn fylgdi ekki samþykki meðeigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang. Lagðar fram viðbótar upplýsingar umsækjanda, dags. 8. nóvember 2013, þar sem fram kemur að fara eigi með dýrið út og inn um hurð að stofu sem er á jarðhæð. Umsækjandi telur sig ekki þurfa samþykki meðeigenda í fjöleignahúsi eins og farið hafði verið fram á sbr. í tölvupósti heilbrigðiseftirlits frá 6. nóvember 2013.

Úrskurður heilbrigðisnefndar:

„ Sameiginlegur inngangur er í íbúðina með öðrum íbúðum og ber að afla samþykkist 2/3 eigenda í slíkum tilvikum. Flóttaleið úr íbúð um stofu breytir þar engu um. Skráning dýrsins er gerð með fyrirvara um að tilskilins samþykkis verði aflað”.

### 5.4 Sautjándajúníorg 3, Garðabæ – bráðabirgðaskráning og stjórnsýslukærur

Lögð fram að nýju umsókn Ingibjargar Viggósdóttur frá 28. maí 2013 um skráningu á hundi hennar að Sautjándajúníorgi 3 í Garðabæ.

Ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að skrá hundinn til bráðabrigða var kærð bæði af umsækjanda og húsfélagi.

Lögð fram tölvupóstssamskipti við skrifstofu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 18. nóvember 2013 þar sem fram kemur m. a. að ólíklegt er að kærnan verði tekin fyrir á þessu ári sökum mikils málafjöldi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Málið er fyrir úrskurðarnefnd og heilbrigðisnefnd telur rétt að bíða með frekari aðgerðir.“

#### 5.5 Einihlíð 1, Hafnarfirði – kvörtun yfir ónógum aðgerðum

Lögð fram erindi Þrastar Guðnasonar Einihlíð 1 í Hafnarfirði frá 21. október 2013 og 15. nóvember 2013 vegna ástands sem skapaðist í götunni vegna hundahalds á neðri hæð hússins að Einihlíð 1 og að ekki hafi verið brugðist við með aðgerðum sem dugðu að mati bréfitara.

#### 5.6 Lækjarsmári 68, Kópavogur

Lagðir fram kvartanir íbúðareiganda við Lækjarsmára í Kópavogi yfir slæmri umgegni við hundahald hjá leigjanda íbúðar að Lækjarsmára 68 í sömu götu.

„Samþykkt að óska viðbragða bæði leigjanda og húseiganda vegna kvörtunarinnar.“

#### 5.7 Brekkutún 3, Kópavogur

Lögð fram umsókn Þóru J. Jónasdóttur frá 20. ágúst 2013 vegna skráningar á hundum að Brekkutúni 3 í Kópavogi með ósk um viðurkenningu á námi í hundauppeldi sbr. ákvæði 6. gr. gjaldskrár fyrir hundahald.

„Heilbrigðisnefnd felst ekki á að gera undantekningu frá reglum um viðurkennda hundaskóla til að fá afslátt frá eftirlitgjöldum.“

## 6 Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, þungmálmar og brennisteinn í mosa

### 6.1 Bókun á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Lagt fram til kynningar erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 31. október s.l. varðandi bókun á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um þungmálma og brennistein í mosa í Hafnarfirði.

## 7 Vatnasvæðisnefnd

Rætt um störf vatnasvæðisnefndar sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögin ætla heilbrigðisnefndum að sinna ýmsum verkefnum er lúta að flokkun og vöktun yfirborðsvatns, grunnvatns og strandsjávar. Heilbrigðisfulltrúi situr í vatnasvæðisnefnd sem kemur að gerð stöðuskýrslu en nefndin hefur haldið nokkra vinnufundi á árinu. Umhverfisstofnun hefur boðað útkomu stöðuskýrslu fljótlega.

## 8 Eftirlit með tóbakssölu

Lagður fram til kynningar úrskurður Innanríkisráðuneytis í máli IRR 13030230, dags. 22. október 2013 og fundargerð fjölskylduráðs Hafnarfjarðar frá 20. nóvember 2013.

## 9 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Lagðar fram til kynningar fundargerðir aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 28. október 2013 og stjórnarfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 28. október 2013.

## 10 Lagafrumvörp til kynningar

Nefndarsvið Alþingis hefur sent til umsagnar eftirfarandi lagafrumvörp:

- Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0095.html>

- Breyting á matvælalögum

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0113.html>

- Breyting á tollalögum

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0154.html>

- Breyting á lögum um dýrasjúkdóma  
<http://www.althingi.is/altext/143/s/0156.html>
- Breyting á lögum um fóður, áburð og sáðvöru  
<http://www.althingi.is/altext/143/s/0157.html>

## 11 Önnur mál

### 11.1 Reglubundnir fundir heilbrigðisnefnda

Næsti reglulegi fundur heilbrigðisnefndar verður 27. janúar 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson